

Fyrirspurn

til velferðarráðherra um kjör eldri borgara á hjúkrunar- og dvalarheimilum.

Frá Vigdísi Hauksdóttur.

1. Telur ráðherra það samrýmast eignarréttarákvæði og jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar að eldri borgarar missi fjárhagslegt sjálfstæði sitt við það að flytjast á hjúkrunar- eða dvalarheimili?
2. Á hvaða lagagrunni hvílir sú regla að eldri borgarar láti allar sínar lífeyrisgreiðslur og bætur almannatrygginga renna til hjúkrunar- eða dvalarheimilis meðan á dvöl stendur?

Skriflegt svar óskast.